

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 22. mars 2021
UST202103-197/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Selvogur – fjarskiptamastur. Umsögn


Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfus dags. 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir 30 m háu fjarskiptamastri sem ráðgert er að reisa í landi Bjarnastaða í Ölfusi. Aðkoma verður til norðurs frá Suðurstandarvegi og verður lagður nýr vegslóði að mastrinu og tækjahúsi. Framkvæmdasvæðið er fremur slétt sandiorpið hraun.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða á svæði þar sem mannvirkjagerð af þessu tagi mun að öllum líkindum hafa óveruleg áhrif í för með sér önnur en sjónræn áhrif.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur